



Kvísker

Fornar minjar djúpt í jörðu
Skýrsla yfir prufuholugröft haustið 2010.

Skýrsla II




Bjarni F. Einarsson
2010

Forsíðumyndin sýnir Kvísker og nánasta umhverfi (Stafrænar myndir nr. 6. Horft mótt NNA. Ljósm. BFE).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

Unnið fyrir Fornleifafélag Öræfa

© Bjarni F. Einarsson
Desember 2010.



Mynd 1. Staðsetning Kvískerja í Austur Skaftafellssýslu.

Inngangur

Að beiðni Fornleifafélags Öræfa tók undirritaður að sér að grafa prufuholu að Kvískerjum, vestast í Austur Skaftafellssýslu. Fyrir hartnær 30 árum höfðu viðarkolasýni verið geislakolsgreind og vegna þess að niðurstaðan var óvænt, lifði von um aðra greiningu lengi. Loks rættist sú von 1999 þegar ný sýni voru greind (Bjarni F. Einarsson 1999). Hvatumenn að rannsókninni nú voru þeir Kvískerjabræður, Hálfdán og Helgi Björnssynir og Fornleifafélag Öræfa.

Við rannsóknina unnu Sindri Ellertsson Csillag og Inga Hlín Valdimarsdóttir fornleifafræðingar á Fornleifafræðistofunni, Björn G. Arnarsson frá Sýslusafni Austur-Skaftafellssýslu og Hálfdán Björnsson bóndi og fræðimaður á Kvískerjum. Gröfturinn fór fram laugardaginn þann 30. október 2010.

Öllum aðstoðarmönnum þakka ég samstarfið og Kvískerjabræðrum fyrir mikinn áhuga og hlýlegar móttökur.



Mynd 2. Staðsetning prufuholu á bak við bæjarhúsin. Fjóshlaðan er húsið án glugga og votheyshlaðan er þvert á hana, með þremur gluggum með rauðum plötum. (Stafrænar myndir nr. 15. Horft mótt SSV. Ljósm. BFE).

Staðhættir¹

Kvísker er austasti bærinn í sinni sveit og stendur á milli Kvíár- og Fjallsjökuls, tveggja skriðjökla frá Öræfajökli. Bærinn stendur í jaðri sléttu, við brekkurót undir lágum hlíðum, u.p.b. einn km norður af þjóðveginum (Hringveginum). Yfir bæjarstæðinu gnæfir Öræfajökull.

Næsti bær til vesturs eru Hnappavellir og til austurs eru það Reynivellir. Er dágóður spölur til þessara bæja, eða 12 km til Hnappavalla og 28 km til Reynivalla.

Prufuholan (SV-horn hennar eins og hún var á fyrsta stigi) var staðsett 12,7 m austur af NA-horni fjóshlöðunnar á bak við íbúðarhúsið. Flúttaði suðursniðið við gaflinn á fjóshlöðunni.

Markmið rannsóknarinnar

Markmið rannsóknanna var að finna viðarkolasalla, um þriggja þumlunga þykkan, og hvalbein sem fundust hafði á fyrri hluta síðustu aldar, þegar endurnýjun á bæjarhúsum átti sér stað á Kvískerjum.

¹ Fyrri hluti kaflans er óbreyttur úr skýrslu I, 1999.


Hvalbeinið var skilið eftir og því var von um að það kynni að finnast einnig. Vildu menn staðfesta þetta og fá á hreint hvar viðarkolin voru nákvæmlega svo ekki kæmi til spjalla síðar meir.

Nú hafa tvö viðarkolasýni verið C-14 greind frá Kvískerjum og er gríðarlegur munur á þeim. Fyrri greiningin gaf niðurstöðuna 3. öld, en sú síðari 10.-11. öld. (Sigurður Björnsson 1998:28. Bjarni F. Einarsson 1999:8). Síðari greiningin var gerð á birkimolum. C-13 og C-12 ísótópar voru í mjög eðlilegu magni og um svokallaða aukna talningu var að ræða, þ.e.a.s. talning C-14 atóma stóð lengur yfir en við hefðbundna talningu. Þannig fæst nákvæmari niðurstaða.

Einnig var markmið rannsóknanna að skoða gjóskulög og afstöðu þeirra til mannvistarlagas. Einkum var gjóskan frá Öræfajökli 1362 mikilvæg, en hún er afar greinileg í þessum landshluta.

Prufuhola


Fyrst var grafin hola sem var 1 x 2 m og lá hún A - V. Þar kom í ljós að þarna hafði áður verið grafið, því komið var niður á kaldavatnsleiðslu sem lögð hafði verið frá bæjarlæknum í bæinn árið 1965.



Mynd 3. Horft norður eftir prufuholunni, stigi 2. Ljósa lagið er Ö-1362 og þar undir má glitta í grásvartar línr sem trúlega eru gólfloð. Í þeim voru viðarkol, en ekki brennd bein. (Stafrænar myndir nr. 24. Horft mótt N. Ljósm. BFE).



Mynd 4. Hluti af sniðinu sem teiknað var. Hér sést truflun á Ö-1362 laginu og gólflogin undir því (Stafrænar myndir nr. 19. Horft mótt A. Ljósm. BFE).



Mynd 5. Flataarteikning af prufuholunni. Aðeins er dregin upp ein mynd af hugsanlegum hólfum, eða veggjum í prufuholunni.

Var þá grafið í norður út frá austur enda holunnar. Var þessi viðbót 1 x 2 m. Í ljós kom gagnlegt snið sem var teiknað í mælikvarðanum 1:20. Sást þar vel hvernig Ö-1362 gjóskulagið var bæði óhreyft og hreyft í sniðinu á um 1,25 m dýpi. Hafði það lagst yfir mörg gólfloð eða gólf sem þarna voru og einnig mátti sjá hvernig því hafði verið raskað eftir


Kvísker - Snið í prufuholu

Öræfasveit, A-Skaftafellssýslu

Eigið kerfi og hæðir

Frumt. SEC - 2010

Hreint. SEC - 2010



Mynd 6. Sniðteikning af norðurhluta prufuholunnar. Horft mótt A. Lag 24 hélt áfram til suðurs og viðarkolalagið, sem leitað var að, var í því. Sjá mynd 4 til samanburðar, þar sem sjá má óhreyft og hreyft Ö-1362 lagið (nr. 13 og 14). Ekki var grafið niður fyrir gólflogin (nr. 25).

gosið, líklega þegar byggð hófst þar á ný. Gólflogin undir Ö-1362 luginu voru viðarkolaskotin, en engin brennd bein voru í þeim. Þetta bendir til þess að þarna kunni að vera annarskonar hús en mannabústaður. Þá er átt við skepuhús, skemmur eða sambærilegt. Eitt óbrennt bein fannst í einu luginu (lagi 20). Trúlega hafa þessi gólf

myndast hafa eitt af öðru með hléum á milli, eins og í seli, eða að menn hafi borið efni í þau en það er ósennilegt. Þó er hugsanlegt að gólfín séu vísbending um hvorutveggja, árstímabundna búsetu með ofaníburð eða nátturlegt flæði jarðefna á milli búsetutímabila. En ekki fannst viðarkolasallinn í þessari prufuholu. Þá var önnur 1 x 2 m stór hola grafin til suðurs út frá vestur enda fyrstu holunnar. Þar var loks komið niður á sallann, í SA-horninu. Í þessari viðbót fannst m.a. um 1 sm þykkt mann-vistarlag (lag 24) sem er sennilega gólf, með viðarkolum og brenndum beinum. Hér er komið gólf úr hibýlum manna. Í því var, að því er virtist, hið þriggja þumlunga þykka viðarkolasallag.

Þegar rannsókn lauk var komin hola sem var eins og Z í leginu, eða því sem næst.

Í prufuholunni mátti sjá vísbendingar um hólf, sem voru eldri en 1362. Því er nokkuð víst að þarna eru húsaleifar á bak við bæjarhús Kvískerja, sem eru eldri en gosið í Öræfajökli 1362. Sennilega eru þau sködduð af þeim húsum sem nú standa uppi, en nyrsti hluti þeirra er þó líklega í góðu ástandi.

Dýpt holunnar var 2,72 m þar sem mest var í norðurhluta hennar. Var hún því sem næst jafn djúp í suðurenda, en hallaði dálítið til suðurs.



Mynd 7. Kljásteinn (nr. 49) sem fannst við rannsóknina 1999. Steinninn er með náttúrulegu gati og alveg sérlega „venjulegur“. Hann er mun eldri en Ö-1362. (Ljósm. BFE).



Mynd 8. Járnkrokur sem fannst í lagi nr. 24, sama lagi og viðarkolasallinn og væntanlega hvalbeinið einnig. (Stafrænar myndir nr. 32. Unnin og breytt mynd. Ljósm. BFE).



Mynd 9. Gólfloð undir Ö-1362 gjóskulaginu. Dökku lögin eru gólf. Myndin sýnir annaðhvort árstímabundna búsetu eða ofaníburð með reglulegu millibili. Petta tvennt gæti þó farið saman. (Stafrænar myndir nr. 30. Horft mótt A. Ljósm. BFE).

Athygli vekur að ekkert hleðslugrjót kom í ljós, þrátt fyrir vísbendingar um hólf (eða herbergi). Þetta er mjög á skjön við aðra bæji sem rannsakaðir hafa verið í Öræfasveit, þ.e.a.s. Gröf (Gísli Gestsson 1959) og Bæ (Bjarni F. Einarsson 2005). Á þeim bæjum var grjót í öllum veggjum að innanverðu. Svipað kom í ljós í húsaleifum sem fundust við jarðvegsframkvæmdir hjá gamla bæjarstæði Hofsness, nokkra metra ofan við gömlu hlöðuna sumarið 2009.

Einn gripur (nr. 9) úr járni fannst á 2 m dýpi, á botni prufuholunnar. Eitt sýni var tekið úr viðarkolalaginu (nr. 2).

Niðurstaða

Niðurstaða rannsóknanna var í megin atríðum sú að hið þriggja þumlunga þykka viðarkolalag kom í ljós í suðurenda holunnar, en hvalbeinið, sem þar átti einnig að vera, fannst ekki.

Einnig var niðurstaðan mjög í særmaði við niðurstöðurnar frá árinu 1999. Undir yfirborði á bak við bæinn eru mikil mannvistarlög sem nái langt aftur fyrir 1362. Voru gólf gjarnan mörg hvert ofan á öðru með mold á milli. Ekki fundust neinir hleðslusteinar, sem hefði verið að

vænta ef mannvirkin væru í ætt við bæjarhúsin á Gröf og Bæ í sömu sveit. Því vaknar sú spurning hvort hér séu komnar leifar af seli, sem verið hefur í notkun um langan tíma og jafnvel með hléum. Það gæti skýrt hin mörgu gólfloð og hin brenndu bein í sumum gólfanna.

Hvort sel í Öræfum, eldri en 1362, hafi ekki verið byggð úr grjóti og torfi, heldur torfi einu saman vitum við ekkert um að svo komnu máli.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson. *Kvísker. Fornar minjar djúpt í jörðu.*

Fornleifafræðistofan 1999.

Ibid. „Inn í eilífðina á augnabliki – Bær í Öræfum.“ *Glettingur.*

Tímarit um austfirsk málefni. 15. árg. 2.-3. tbl. 2005.

Gísli Gestsson. „Gröf í Öræfum.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1959.*

Reykjavík 1959. Bls. 5 - 87.

Kvískjerjabók. Rit til heiðurs systkinunum á Kvískerjum. Sýslusafn

Austur-Skaftafellssýslu, Höfn í Hornafirði. Reykjavík 1998.

Sigurður Björnsson. „Kvísker. Ábúendur og saga.“ *Kvískjerjabók.*

Rit til heiðurs systkinunum á Kvískerjum. Reykjavík 1998. Bls. 28-43.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Kvísker, Austur-Skaftafellssýslu.

Verkkaupandi:

Fornleifafélag Öræfa.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifafanefndar:

7. júní 2010.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, Sindri Ellertsson Chillag, Inga Hlín Valdimarsdóttir, Björn G. Arnarsson og Hálfdán Björnsson.

Forvarsla:

Fornleifafræðistofan.

Rannsóknartími:

30. október 2010.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

6 fermetrar og ca. 12 rúmmetrar.

Geymsla gagna:

Frumgögn munu verða færð Fornleifavernd ríkisins til ráðstöfunar ef verða vill.

Kvísker II

Dagbók 2010

30. október

Mættum á Kvísker um 12:30. Þrátt fyrir afleita spá, gekk öll ferðin mjög vel. Sól skein á köflum og hitinn var 8 gráður, en fór þó lítillega kólndandi eftir því sem á daginn leið. Verstu vindstregirnir voru við Kvía og holtið vestan við hana, Kambana. Við Lómagnúp var einnig stífur strengur í gærkvöldi.

Ákveðið var að grafa 1 x 2 m holu norðan við gömlu baðstofuna og flúttadí suðursnið holunnar við norðurgafl fjóshlöðunnar, 12,7 m austar. Holan verður mæld betur inn síðar.

Fyrst var stungið með allri holunni til að fá hreinni skurð þegar vélgrafan fletti grásrotinni ofan af. Vélin var af gerðinni JCB 8014, svipuð vél og Bobcat.

Markmiðið var að kanna hvort og hversu gamlar leifarnar væru á staðnum. Hugsanlega hafa bæjarhúsini verið að færast sunnar og neðar í hallann í aldanna rás.

Á 1,55 m dýpi komum við niður á vatnsrör bæjarins, sem liggur frá læknum í vestur og inn í gamla húsið. Vatsrörið var grafið niður 1965 af traktorsgröfu sem Kvískerjasystkin höfðu fengið lánaða hjá Vegagerðinni þegar vinna við brúargerð var í gangi á Skeiðarársandi. Því urðum við að hætta og færa holuna. Var ný hola grafin hornrétt á þá gömlu, austast í henni. Viðbótin var 1 x 2 m og er því holan í raun 1 x 3 m. Í þessum hluta var komið niður á 1362 lagið in situ og sást vel hvar því hafði verið raskað af húsum eftir gosið. Undir laginu sáust a.m.k. þrjú mannvistarlag með viðarkolum og í einu þeirra óbrennt bein. Brennd bein sáust ekki. Þarna eru því mannvistarlag talsvert fyrir gosið 1362. Þessi hluti var teiknaður í mælikvarðanum 1:20.

Enn var holan stækkuð, nú til suðurs við suðvesturhorn upphaflega skurðarins. Einnig nú var stækkunin 1 x 2 m. Nú er þess freistað að finna um þriggja þumlunga þykkt gólf/mannvistarlag sem fundist hafði í byrjun síðustu aldar þegar hús voru enduarnýjuð á bænum. Í því lagi hafði fundist hvalbein, sem skilið var eftir. Sennilega er lag þetta eitt af þeim þremur mannvistarlagum sem eru á sniðteikningunni áðurnefndu.

Í holunni var gott mannvistarlag sem gæti verið gólf, en í því voru viðarkol og brennd bein. Pykktin var þó ekki meiri en um 1 sm. Í SA horninu var svo komið niður á þykkt kolsvart lag, sem við teljum vera lagið sem fannst í byrjun síðustu aldar. Lagið tengist sennilega áðurnefndu mannvistarlagi.

Í holunni mátti sjá vísbendingar um að hólf væru þar að koma í ljós og nær allstaða mátti sjá mörg gólfþög/mannvistarlag undir Ö-1362. Þetta bendir til árstímabundinnar búsetu fyrir gosið. Gæti verið að þarna hafi verið haft í seli fyrir gos, en eftir gosið hafi menn sest þarna að til búskapar. Hugsanlega hafa sum býlin sem í eyði fóru 1362 ekki þótt fýsileg til endurupptöku og því hafi menn frekar valið gamlar selstöður.

Skrár:

Fundaskrá:

Sýnaskrá:

Stafrænar myndir.

Fundaskrá Kvískerja

| | | | | | |
|------------------|------------------|---------------------|--|----------|----|
| Heini | Lag | Nr. lags | Fj. | G | |
| 9 | Krókur | M-lag | 24 | 1 | 10 |
| <i>Efnivíður</i> | | | | | |
| Járn | | | | | |
| <i>Dags</i> | <i>Mannvirki</i> | <i>Athugasemdir</i> | | | |
| 30.11.2011 | Prh. | | | | |
| X | Y | Z | Hugsanlega er lykkja við beina endann. | | |
| 98,70 | 100,80 | 2 m.u.y. | | | |



Númerin eru í framhaldi af fyrri númerum gripa frá 1999.

Sýnaskrá

| | | | | |
|-------------------|-------------|-------------------|-------------------|------------|
| Nr. | Dags | Teg. sýnis | Greining? | Gr. |
| 2 | 30.11.2010 | Viðarkol | Tegund | |
| <i>Niðurstaða</i> | | <i>Mannvirki</i> | | |
| | | Gólf í húsi? | | |
| X | Y | Z | Dípi | Log |
| 98 | 101 | | 2 m.u.y. | Gólf |
| | | | <i>Númer lags</i> | |
| | | | 24 | |

Númerin eru í framhaldi af fyrri númerum sýna frá 1999.

Stafrænar ljósmyndir Kvísker

13

| | | | |
|------------------------------------|--|------------------------|---|
| Staður Kvísker | Sveitarfélag Hornafjörður | Táktala 7706 | |
| Sýsla A-Skaftafellssýsla | Dags 30.11.2010 | Mót NNA | Mynd nr. 6 |
| Myndavél Canon EOS 550D | Myndefni Yfirlit heim að Kvískerjum frá þjóðvegi 1. | | |
| Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson | | | |
| | | |  |

| | | | |
|------------------------------------|--|------------------------|---|
| Staður Kvísker | Sveitarfélag Hornafjörður | Táktala 7706 | |
| Sýsla A-Skaftafellssýsla | Dags 30.11.2010 | Mót NNA | Mynd nr. 7 |
| Myndavél Canon EOS 550D | Myndefni Yfirlit heim að Kvískerjum frá þjóðvegi 1. | | |
| Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson | | | |
| | | |  |

| | | | |
|------------------------------------|--|------------------------|--|
| Staður Kvísker | Sveitarfélag Hornafjörður | Táktala 7706 | |
| Sýsla A-Skaftafellssýsla | Dags 30.11.2010 | Mót A | Mynd nr. 8 |
| Myndavél Canon EOS 550D | Myndefni Útihús skammt austur af bænum. | | |
| Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson | | | |
| | | |  |

| | | | |
|------------------------------------|--|------------------------|---|
| Staður Kvísker | Sveitarfélag Hornafjörður | Táktala 7706 | |
| Sýsla A-Skaftafellssýsla | Dags 30.11.2010 | Mót N | Mynd nr. 9 |
| Myndavél Canon EOS 550D | Myndefni Útihús skammt austur af bænum. | | |
| Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson | | | |
| | | |  |

| | | | |
|------------------------------------|--|------------------------|---|
| Staður Kvísker | Sveitarfélag Hornafjörður | Táktala 7706 | |
| Sýsla A-Skaftafellssýsla | Dags 30.11.2010 | Mót NV | Mynd nr. 10 |
| Myndavél Canon EOS 550D | Myndefni Útihús skammt austur af bænum. | | |
| Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson | | | |
| | | |  |

| | | | |
|------------------------------------|--|------------------------|---|
| Staður Kvísker | Sveitarfélag Hornafjörður | Táktala 7706 | |
| Sýsla A-Skaftafellssýsla | Dags 30.11.2010 | Mót N | Mynd nr. 11 |
| Myndavél Canon EOS 550D | Myndefni Útihús skammt austur af bænum. | | |
| Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson | | | |
| | | |  |

Stafrænar ljósmyndir Kvísker

14

| Staður | Sveitarfélag | Táktala | |
|---------------------|---|---------|----------|
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
| A-Skaftafelssýsla | 30.11.2010 | NV | 12 |
| Myndavél | Myndefni | | |
| Canon EOS 550D | Útihús skammt austur af bænum. Braggi sem bændur hafa breytt. | | |
| Ljósmyndari | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| Staður | Sveitarfélag | Táktala | |
|---------------------|--|---------|----------|
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
| A-Skaftafelssýsla | 30.11.2010 | VNV | 13 |
| Myndavél | Myndefni | | |
| Canon EOS 550D | Yfirlit heim að bæ, frá bragganum (mynd 12). | | |
| Ljósmyndari | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| Staður | Sveitarfélag | Táktala | |
|---------------------|----------------------------------|---------|----------|
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
| A-Skaftafelssýsla | 30.11.2010 | A | 14 |
| Myndavél | Myndefni | | |
| Canon EOS 550D | Rannsóknarstaður fyrir rannsókn. | | |
| Ljósmyndari | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| Staður | Sveitarfélag | Táktala | |
|---------------------|--|---------|----------|
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
| A-Skaftafelssýsla | 30.11.2010 | SSV | 15 |
| Myndavél | Myndefni | | |
| Canon EOS 550D | Yfirlit yfir staðsetningu prufuskurðar á bak við bæjarhúsin. | | |
| Ljósmyndari | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| Staður | Sveitarfélag | Táktala | |
|---------------------|---------------------|---------|----------|
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
| A-Skaftafelssýsla | 30.11.2010 | S | 16 |
| Myndavél | Myndefni | | |
| Canon EOS 550D | Prufuhola, 2. stig. | | |
| Ljósmyndari | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| Staður | Sveitarfélag | Táktala | |
|---------------------|-----------------------------------|---------|----------|
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
| A-Skaftafelssýsla | 30.11.2010 | A | 17 |
| Myndavél | Myndefni | | |
| Canon EOS 550D | Hluti af sniðinu sem teiknað var. | | |
| Ljósmyndari | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



Stafrænar ljósmyndir Kvísker

15

| | | | |
|---------------------|--|------------------|----|
| Staður | Sveitarfélag | Táknatala | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | |
| A-Skaftafellssýsla | 30.11.2010 | A | 18 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Hluti af sniðinu nyrst í holunni. Ö-1362 og rask á því. Gólf undir. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| | | | |
|---------------------|--|------------------|----|
| Staður | Sveitarfélag | Táknatala | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | |
| A-Skaftafellssýsla | 30.11.2010 | A | 19 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Hluti af sniðinu nyrst í holunni. Ö-1362 og rask á því. Gólf undir. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| | | | |
|---------------------|---------------------|------------------|----|
| Staður | Sveitarfélag | Táknatala | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | |
| A-Skaftafellssýsla | 30.11.2010 | S | 20 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Sindri við störf. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| | | | |
|---------------------------|---------------------|------------------|----|
| Staður | Sveitarfélag | Táknatala | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | |
| A-Skaftafellssýsla | 30.11.2010 | Sq | 21 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Bjarni við störf. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Inga Hlín Valdimarsdóttir | | | |



| | | | |
|---------------------------|-----------------------------|------------------|----|
| Staður | Sveitarfélag | Táknatala | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | |
| A-Skaftafellssýsla | 30.11.2010 | SSV | 22 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Bjarni og Björn að störfum. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Inga Hlín Valdimarsdóttir | | | |



| | | | |
|---------------------|---|------------------|----|
| Staður | Sveitarfélag | Táknatala | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | |
| A-Skaftafellssýsla | 30.11.2010 | S | 23 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Horfti eftir skurðinum á 3. stigi. Viðarkolalagið að koma í ljós. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



Stafrænar ljósmyndir Kvísker

16

| | | | |
|---------------------|---|----------------|-----------------|
| Staður | Sveitarfélag | Táktala | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
| A-Skaftafelssýsla | 30.11.2010 | N | 24 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | N-gafl skurðarins. Ö-1362 ljósa lagið. Það svarta, 1477? | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| | | | |
|---------------------|--|----------------|-----------------|
| Staður | Sveitarfélag | Táktala | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
| A-Skaftafelssýsla | 30.11.2010 | S | 25 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Sindri og Inga Hlín ofan í holunni. Björn á bakkanum. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| | | | |
|---------------------------|---------------------|----------------|-----------------|
| Staður | Sveitarfélag | Táktala | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
| A-Skaftafelssýsla | 30.11.2010 | N | 26 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Sindri að störfum. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Inga Hlín Valdimarsdóttir | | | |



| | | | |
|---------------------|-----------------------|----------------|-----------------|
| Staður | Sveitarfélag | Táktala | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
| A-Skaftafelssýsla | 30.11.2010 | S | 27 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Inga Hlín að störfum. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| | | | |
|---------------------|---------------------|----------------|-----------------|
| Staður | Sveitarfélag | Táktala | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
| A-Skaftafelssýsla | 30.11.2010 | A | 28 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Sindri að störfum. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| | | | |
|---------------------|--|----------------|-----------------|
| Staður | Sveitarfélag | Táktala | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
| A-Skaftafelssýsla | 30.11.2010 | S | 29 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Suðurendi prufuholunnar. Sjá má viðarkolalagið og mörk þess. Torf í kring. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



Stafrænar ljósmyndir Kvísker

17

| | | | |
|---------------------|--|----------------|-----------------|
| <i>Staður</i> | <i>Sveitarfélag</i> | <i>Táknala</i> | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| <i>Sýsla</i> | <i>Dags</i> | <i>Mót</i> | <i>Mynd nr.</i> |
| A-Skaftafellssýsla | 30.11.2010 | A | 30 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Mörg gólfloß í norðurhluta prufuholunnar. Öll eldri en 1362. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| | | | |
|---------------------|----------------------------------|----------------|-----------------|
| <i>Staður</i> | <i>Sveitarfélag</i> | <i>Táknala</i> | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| <i>Sýsla</i> | <i>Dags</i> | <i>Mót</i> | <i>Mynd nr.</i> |
| A-Skaftafellssýsla | 30.11.2010 | S | 31 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Holar að kvöldi dags. Allt búið. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |



| | | | |
|---------------------|---------------------------|----------------|-----------------|
| <i>Staður</i> | <i>Sveitarfélag</i> | <i>Táknala</i> | |
| Kvísker | Hornafjörður | 7706 | |
| <i>Sýsla</i> | <i>Dags</i> | <i>Mót</i> | <i>Mynd nr.</i> |
| A-Skaftafellssýsla | 3.12.2010 | - | 32 |
| <i>Myndavél</i> | <i>Myndefni</i> | | |
| Canon EOS 550D | Gripur nr. 9. Járnkrókur. | | |
| <i>Ljósmyndari</i> | | | |
| Bjarni F. Einarsson | | | |

